

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 122/1176
komudagur 13. 3. 1998

BN/aeg
b105/98

Reykjavík 12. mars 1998

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 20. f.m., barst ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, 443. mál, (öndunarsýni).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tveimur meginbreytingum, sem lúta annars vegar að ákvörðun sakarkostnaðar, en hins vegar að rannsókn og afgreiðslu ölvunarakstursmála.

Af hálfu ríkissaksóknara er ekki hreyft sérstökum athugasemdum við tillögum í 1. gr. frumvarpsins um ákvörðun sakarkostnaðar vegna mælinga á vínandamagni í lofti, enda þykir sanngjarnt að jafnræði sé með sakborningum að þessu leyti, hvort sem gengið er úr skugga um ölvunarástand með blóðrannsókn eða mælingu öndunarsýnis.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að unnt verði að svipta stjórnanda vélknúins ökutækis ökurétti ef hann neitar að veita atbeina sinn við rannsókn máls samkvæmt 3. mgr. 47. gr. laganna, þ.e. að gefa blóðsýni eða öndunarsýni í þágu rannsóknar. Í athugasemdum við 2. gr. segir svo: “Ökumaður kann eftir sem áður að vera færður til blóðtöku og frekari rannsóknar og sakfelldur fyrir ölvunarakstur.” Sýnist felast í þessum orðum, með gagnályktun, ráðagerð um að máli kunni að verða lokið með ökuréttarsviptingu án blóðtöku og frekari rannsókn.

Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga er ökumanni skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn samkvæmt 2. mgr. lagagreinarinnar, þ.e. að gefa blóð og/eða öndunarsýni. Hugsanlegt er að sá sem vikor sér undan þessari skyldu hafi bakað sér refsíábyrgð, sbr. 1. mgr. 100. gr. Ekki er þó kunnugt um að ökumanni hafi nokkurn tíma verið gerð refsing fyrir brot á þessu ákvæði eða efni þess eins og það var í lögunum upphaflega og ólíklegt þykir að krafist verði refsingar á hendur þeim sem skorast undan að gefa blóð- eða öndunarsýni þegar horft er til framtíðar.

Samkvæmt framangreindu virðist gert ráð fyrir þeim möguleika að mál manns sem neitar að veita atbeina sinn við rannsókn máls sbr. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga verði lokið með sviptingu ökuréttar og þá án þess að honum verði refsað með sekt eða frekari refsingu.

Þessi heimild, að svipta mann ökurétti vegna þess að hann veitir ekki atbeina sinn við rannsókn, er umdeilanleg enda vikor hún frá þeirri grundvallarreglu refsiréttarfarsins að enginn þurfi að veita atbeina sinn til að upplýsa mál á hendur sér.

Af hálfu ríkissaksóknara er lögð áhersla á að breytingin felur í sér mikilvægan stuðning við jákvæða þróun í öflun sönnunargagna í ölvunarakstursmálum sem lýsir sér í tækjum og notkun tækja sem mæla vínandamagn í öndunarsýnum. Er hún því studd þótt hún kunní að vera umdeilanleg eins og áður segir. Hins vegar þykir breytingin ganga heldur skammt og sýnist ástæða til að neitunin sem um ræðir leiði til sviptingar ökuréttar eigi skemur en tvö ár. Rök fyrir þessu eru að nokkru komin fram hér að áður þ.e.a.s.; hugsanlegt er að einungis verði beitt ökuréttarsviptingu í þessum tilvikum en ekki sekt jafnframt. Ennfremur skal á það bent að ökumaður sem er með vínandamagn yfir efri mörkum eins og kallað er, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, verður skemmst sviptur ökuréttindum í eitt ár, sbr. 2. mgr. 102. gr. Að neita samvinnu við lögreglu um töku öndunarsýnis virðist því ekki fela í sér mikla áhættu fyrir þann sem telur sig með vínandamagn yfir efri mörkum og jafnvel gæti hann komið sér undan refsingu með þeim hætti, eins og áður er vikið að.

Samkvæmt framangreindu er lagt til að 102. gr. fái nýja málsgrein sem verði 3. mgr. og hljóði:

Nú hefur stjórnandi ökutækis neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal svipting ökuréttar þá eigi vera skemur en tvö ár.

2. mgr. breytist til samræmis.

3. mgr. breytist þannig:

Nú hefur stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en þrjú ár.



Nefndasvið Alþingis

Þórshamri v/Templarasund

Reykjavík